

JARÐSTRENGUR, 66 KV OG LJÓSLEIÐARI, FRÁ VARMHLÍÐA AÐ SAUÐÁRKRÓKI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð lagning 66 kV jarðstrengs og ljósleiðara frá Varmahlíð að Sauðárkróki sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og þær þurfa að vera í samræmi við reglur á rafmagnsöryggissviði.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. janúar 2009.

INNGANGUR

Þann 29. október 2008 tilkynnti EFLA verkfræðistofa, f.h. Landsnets, til Skipulagsstofnunar lagningu 66 kV jarðstrengs og ljósleiðara frá Varmahlíð til Sauðárkróks. Tilkynningin er samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Skagafjörður, Fiskistofu (lax- og silungsveiðisviðs), Fornleifaverndar ríkisins, iðnaðarráðuneyti/Orkustofnun, Neytendastofu, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Skagafjörður með bréfi dags. 19. desember 2008, Fiskistofu (lax- og silungsveiðisviðs) með bréfi dags. 30. október 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 2. desember 2008, iðnaðarráðuneyti/Orkustofnun með bréfi dags. 25. nóvember 2008, Neytendastofu með bréfi dags. 5. nóvember 2008, Vegagerðarinnar með bréfi dags. 5. nóvember 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. nóvember 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Landsneti með bréfi dags. 22. desember 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Framkvæmdin felst í lagningu 66 kV jarðstrengs og ljósleiðara frá Varmahlíð til Sauðárkróks, til viðbótar 66 kV loftlínu frá árinu 1974 og mun flutningsgeta með því meira en tvöfaldast að svæðinu og afhendingaröryggi raforku batna. Áformað er að jarðstrengurinn liggja að mestu samsíða núverandi 66 kV háspennulínu og innan helgunarsvæðis hennar, nema á kaflanum frá Sæmundará að Gili (eða Sauðárkróki), þar sem strengurinn mun liggja samsíða Sauðárkróksbraut nr. 75 og innan veghelgunarsvæðis. Lagður verður ljósleiðari með jarðstrengnum. Leiðin liggur um beitolönd og túnjaðra, mela og móa með stöku mýrarflákum, framræstum mýrum og klapparholtum. Grafinn verður skurður fyrir strengina niður á um 1,5 m dýpi, botninn þakinn sandi eða fíngerðu efni og strengjunum komið fyrir á skurðbotninum og þakir fíngerðu efni. Helgunarsvæði jarðstrengsins er um 3-4 m. Reynt verður að vinna jarðstrengslögnina án slóðagerðar meðfram strengleiðinni. Hins vegar þarf væntanlega að styrkja slóðir að línunni, til þess að auðvelda flutning á kapalrúllum, sandi o.fl. Núverandi slóðir verða notaðar eins og kostur er, en sumstaðar þarf að endurbæta slóðir og bera ofan í þær. Á hluta leiðarinnar þarf að sanda meðfram strengnum og þar þarf að leggja um 5 metra breiða slóð meðfram strengnum sem verði færa vörubílum. Efnisþörf vegna slóðagerðar er áætluð að hámarki um 35.000 m³ og sandur að hámarki 15.000 m³.

Helstu umhverfisáhrif. Fram kemur að jákvæð áhrif framkvæmdarinnar felist í aukinni flutningsgetu og afhendingaröryggi sem séu forsenda þess að áform um aukna orkunotkun, t.d. fyrir léttan iðnað, geti orðið að veruleika. Neikvæð umhverfisáhrif felist í raski á gróðurþekju, hugsanlegri truflun fuglalífs á framkvæmdatíma og laxfiska við þverun Sæmundará og sé mikilvægt að raski verði haldið í lágmarki og vandað til frágangs. Sveigt hafi verið hjá þekktum fornminjum en komi í ljós áður óþekktar minjar verði framkvæmdir stöðvaðar og ekki hafnar aftur nema í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdasvæðið hefur verið skilgreint sem landbúnaðarsvæði eða veghelgunarsvæði í tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Sveitarfélagið Skagafjörður, Fiskistofa, Fornleifavernd ríkisins, Neytendastofa, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerð ríkisins telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Skagafjarðar bendir á að með hliðsjón af þeirri kynningu sem framkvæmdin fær í tillögu að aðalskipulagi Skagafjarðar eigi að vera tryggt að almenningur geti komið athugasemdum sínum á framfæri og framkvæmdin þurfi ekki í mat á umhverfisáhrifum.

Neytendastofa minnir á ákvæði 5.2.9, samkvæmt ÍST 170 og áréttar að lagning og frágangur strengsins verði í samræmi við reglur á rafmagnsöryggissviði.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem fram komi að ráðgert sé að taka efni úr námum sem eru í rekstri, sé væntanlega átt við námur sem hafi framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Landsnet tekur í svörum sínum undir það.

Áhrif á laxfiska. Fiskistofa bendir á að þverun Sæmundarár með jarðstreng er háð heimild samkvæmt 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Velja þarf slíkan þverunarstað af kostgæfni og fá umsögn sérfræðing og veiðifélags Sæmundarár vegna framkvæmdanna áður en heimildar er leitað hjá Fiskistofu á þar til gerðu eyðublaði. Landsnet tekur fram í svörum að umsagnar sérfræðinga og veiðifélags Sæmundarár verði aflað áður en heimildar er leitað hjá Fiskistofu.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að í tengslum við aðalskipulagsgerð fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hafi fornleifaskráning farið fram á stærstum hluta fyrirhugaðrar jarðstrengsleiðar. Gloppa sé í skráninguna á svæðinu frá Geirmundarstöðum að Gili en þar sé línustæðið að mestu í vegkanti og á röskuðu svæði, sem ekki sé þörf á að skrá sérstaklega. Einnig sé gloppa í skráningunni þar sem strengurinn á að liggja í gegnum land Syðra-Skörðugils og mælst til þess að línustæðið þar verði skráð, svo taka megj tillit til hugsanlegra fornminja og að kynna þurfi Fornleifavernd ríkisins niðurstöðuna. Sama gildir ef til þess kemur að ákveðið verði að leggja jarðstrenginn samkvæmt aukavalkosts leið frá Gili að Sauðárkróki. Að þessum skilyrðum uppfylltum telur Fornleifavernd ríkisins ekki þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat frá sjónarhóli minjavörslu. Landsnet tekur fram í svörum að fornleifar verði skráðar og niðurstöður kynntar á þeim leiðum þar sem það er eftir, þ.e. í gegnum land Syðra-Skörðugils og ef aukavalkostur verður farinn frá Gili að Sauðárkróki.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 66 kV jarðstrengs og ljósleiðara með honum, frá Varmahlíð til Sauðárkróks og er áformað að hann liggja að mestu samsíða núverandi 66 kV háspennulínu og innan helgunarsvæðis hennar, nema á kaflanum frá Sæmundará að Gili (eða Sauðárkróki), þar sem strengurinn mun liggja samsíða Sauðárkróksbraut nr. 75 og innan veghelgunarsvæðis. Leiðin liggur um beitolönd og túnjaðra, mela og móa með stöku mýrarflákum, framræstum mýrum og klapparholtum. Grafinn verður skurður fyrir strengina og reynt verður að vinna jarðstrengslögnina án slóðagerðar meðfram strengleiðinni en væntanlega þarf að styrkja slóðir að línunni, til þess að auðvelda flutning á kapalrúllum, sandi og fleiru.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar, eins og henni er lýst, verði ekki veruleg á gróður og dýralíf, né landnotkun. Upplýsingar liggja ekki fyrir um fornleifar á öllu framkvæmdasvæðinu og þarf að kynna Fornleifavernd niðurstöðu fornleifaskráningar þar sem hana vantar, utan raskaðra svæða meðfram vegum, áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsnets vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning 66 kV jarðstrengs og ljósleiðara með honum, frá Varmahlíð að Sauðárkróki sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir Landsneti og Sveitarfélaginu Skagafirði á að fjalla þarf um áhrif framkvæmdarinnar í umhverfismati aðalskipulagstillögu fyrir svæðið og sveitarfélagið þarf einngi að kanna hvort framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulagsáætlanir. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og þær þurfa að vera í samræmi við reglur á rafmagnsöryggisviði.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. janúar 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson